

1054. stjórnarfundur VR**29.12.2010****Fundarsalur á 0.hæð í Húsi Verslunarinnar**

Mættir á fundinn eru: Kristinn Örn Jóhannesson (KÖJ), Ásta Rut Jónasdóttir (ÁRJ), Sigríður Stefánsdóttir (SSt), Birgir Már Guðmundsson (BMG), Sigurður Sigfússon (SS), Guðrún Helga Tómasdóttir (GHT), Ingibjörg Ósk Birgisdóttir (IÓB), Bergur Steingrímsson (BSt), Bjarki Steingrímsson (BS), Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir (GJÓ), Ragnar Þór Ingólfsson (RÞI), Jón Magnússon (JM), Óskar Kristjánsson (ÓK), Hildur Mósesdóttir (HM), Jóhanna Sigurbjörg Rúnarsdóttir (JSR).

Ritari: Arnþór Gíslason, þjónustufulltrúi á þjónustusviði VR.

Fundur er settur kl.18:30 og formaður félagins Kristinn Örn Jóhannesson býður fundarmenn velkomna og kynnir fundardagskrá.

GJÓ leggur fram tillögu um að kosið verði um dagskrábreytingartillögu þannig að á þessum fundi verði aðeins rædd málefni formanns og svo önnur mál.

Tillagan er samþykkt með 9 atkvæðum og orðið er laust.

1. Málefni formanns

Umræður

,, Tillaga frá Hildi Mósesdóttur

Hér með fer ég fram á að umboð það sem formanni VR Kristni Erni Jóhannessyni var veitt á stjórnarfundi 23. Apríl 2009 verði afturkallað. “

Tillagan er samþykkt með átta atkvæðum gegn sjö. Ákveðið var að birta nöfn þeirra sem samþykktu tillöguna í fundargerð.

Tillagan var samþykkt af eftirfarandi stjórnarmönnum:

Hildur Mósesdóttir, Jóhanna S. Rúnarsdóttir, Óskar Kristjánsson, Guðrún Helga Tómasdóttir, Ragnar Þór Ingólfsson, Bjarki Steingrímsson, Bergur Þór Steingrímsson, Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir.

Stjórnin samþykkir að Ásta Rut taki að sér að leita til lögfræðinga með þetta mál og sjá hvort framkvæmd þessi standist lög félagsins.

Fundi er slitið 22:10